

Áttu forngrip í fórum þínum?

**Verið velkomin með gamla gripi í greiningu
til sérfræðinga Þjóðminjasafnsins
sunnudaginn 11. nóvember klukkan 14-16**

Næstkomandi sunnudag býður Þjóðminjasafn Íslands fólki að koma með forngripi eða gamla muni í skoðun og greiningu. Heima hjá fólki eru víða fornir eða gamlir gripir. Sumir eiga í fórum sínum erfðagripi eða ættargripi án þess að vita með vissu hve gamlir þeir eru og leikur þá kannski forvitni á að þekkja á þeim nánari deili.

Þetta geta verið útskornir munir, skart eða hvaðeina það sem gamalt virðist vera. Gripir þurfa alls ekki að vera frá miðöldum til að teljast gamlir og má



í því samhengi benda á að grunnsýning Þjóðminjasafnsins spannar öll 1200 árin í sögu Íslands byggðar, frá landnámstíma til 20. aldar. Þannig eru margar nýjungar síðustu áratuga nú orðnar „gamlar“ eða „fornlegar“. Sérfræðingar Þjóðminjasafnsins verða á staðnum milli klukkan 14 og 16 og munu taka vel á móti öllum. Tekið skal fram að einungis verður reynt að greina muni með tilliti til aldurs, efnis, uppruna o.s.frv. en starfsmenn safna meta ekki verðgildi gamalla gripa. Eigendur taka gripina með sér aftur að lokinni skoðun.



Þetta er einstakt tækifæri sem er um að gera að nýta sér. Að þessu sinni gefst kostur á að koma með alls konar gripi til greiningar. Mælist þessi þjónusta vel fyrir hyggst Þjóðminjasafnið efna til fleiri greiningardaga á næsta ári.



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland